

4. tbl. 30. árgangur september 2008

Virðing  
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



## Félagsmál


- 04 Námsstyrkir skattlagðir
- 04 Morgunfundir
- 07 Skorað á Ingibjörgu R
- 24 Uppsagnir
- 26 Trúnaðarmannanámskeið
- 28 Orlofshús
- 29 Hádegisfyrirlestrar

## Launakönnun 2008

- 12 Helstu niðurstöður
- 14 Hver eru launin?
- 16 Samanburður á milli ára
- 17 Fjarvinna eykst
- 18 Launamunur kynjanna
- 20 Hækkaðu launin

## Viðtöl og greinar

- 08 Lífið þitt í sex orðum
- 10 Pistill Haraldar Jónssonar
- 22 Aftur til fortíðar
- 32 Girnilegar uppskriftir
- 35 Skyggst í hugarheim leikkonu



### VR

Húsi verslunarinnar  
Kringlunni 7, 103 Reykjavík  
Sími 510 1700  
vr@vr.is



LEIÐARI

# Dökkar horfur

Flest teikn á lofti benda til þess að verulega dragi úr umsvifum í efnahagslífinu um þessar mundir. Enn á ný stöndum við frammi fyrir erfiðu vali um aðgerðir til að bregðast við ástandinu. Viljum við harða aðlögun, með háum vöxtum, auknu atvinnuleysi og fjölgun gjaldþrota? Það myndi leiða til þess að meira rými skapaðist fyrir þau fyrirtæki sem eftir eru til að vinna sig úr vandanum, við það hjaðnar verðbólgan væntanlega hraðar og kaupmáttarhrap verður minna fyrir þann meginþorra fólks sem heldur atvinnuni. Eða viljum við lækka vexti hratt, bjarga hugsanlega einhverjum fyrirtækjum frá gjaldþroti og fækka þeim sem missa atvinnuna, en í staðinn að búa við meiri verðbólgu yfir lengri tíma með tilheyrandi kaupmáttarhrapi launafólks?

Ef við horfum á fyrri samdráttarskeið sjáum við að það var óskrifuð þjóðarsátt á Íslandi að verjast atvinnuleysi og taka frekar á áföllum gegnum lækkun launa með því að láta verðbólguna éta upp kaupmáttinn. Við sjáum á tímabilinu frá 1974 til 1976, 1982 til 1984, 1989 til 1991 að kaupmáttur fellur um 15-30%. En við sjáum jafnframt að þróunin hefur verið í þá átt að verja frekar stöðugleikann þó það kosti aukið atvinnuleysi. Það er ekki lengur ásætlanlegt að að búa við mikla verðbólgu og ekki hjálpar óstöðug íslensk króna, minnsti fljótandi gjaldmiðill í heimi, við að ná stöðugleika. Fyrir um 130 árum skiptum við um gjaldmiðil, þegar við lögðum niður ríkisdalina og

gengum í skandinavíska myntbandalagið með upptöku krónu. Þá var sérhver króna á Norðurlöndum með sama verðgildi. Að teknu tilliti til þess að við tókum tvö núll aftan af krónunni á sínum tíma má sjá að danska krónan er orðin um 1700 sinnum verðmætari en sú íslenska á þessum tíma. Við þurfum að taka upp sterkari gjaldmiðil til að tryggja stöðugleika.

Hvernig sem fer virðist það óumflýjanlegt að afleiðingarnar lendi á almenningi í gegn um aukið atvinnuleysi og lægri kaupmátt. Undanfarið hefur uppsögnum og gjaldþrotum fjölgað og allar spár gera ráð fyrir auknu atvinnuleysi á næstu mánuðum. Það að missa vinnuna er ávallt áfall fyrir þann sem í því lendir. Gæta þarf að sér og halla sér að uppbyggilegum viðfangsefnum til að einangrast ekki og koðna niður. Við hvetjum fólk sem misst hefur vinnuna til þess að taka ekki of langan tíma til að hugsa sín mál en halda sig fremur við daglega rúttínu, vakna á morgnana, gæta að svefni, endurmennta sig, stunda hreyfingu, sinna félagsstörfum, einhenda sér í að leita að nýju starfi, taka tímabundin störf og jafnvel störf á öðrum sviðum en menntun og áhugi stefnir til.

Umfram allt, ekki gera ekki neitt.  
GPP

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson Ljósmyndir: Eddi, Erling. Prentun: Oddi. Upplag: 23.300  
Stjórn VR: Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari. Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Valur M. Valtýsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir.  
Varamenn: Jón Hrafn Guðjónsson, Steinunn Guðmundsdóttir, Þorlákur Jóhannsson. Stjórn Orlofssjóðs VR: Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson. Til vara: Sigurður Sigfússon og Jóhanna S. Rúnarsdóttir. Stjórn Sjúkrasjóðs VR: Stefánía Magnúsdóttir formaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Jón Magnússon, Gunnar Böðvarsson og Rannveig Sigurðardóttir. Til vara: Lykke Bjerre Larsen og Jón Hrafn Guðjónsson.

## Áttu ekki eitthvað hjá okkur?

Nú þegar haustið er handan við hornið er tímabært að huga að líkamsræktinni og náminu í vetur. Sem endranær er fjölmargt í boði á markaðinum en áður en þú greiðir fyrir námskeiðið er ekki úr vegi að kanna hvort þú eigir rétt á styrk frá VR. Félagsmenn geta sótt um fræðslustyrk í starfsmenntasjóðina en styrkurinn byggir á stigaeign hvers og eins. VR varasjóður er sá sjóður sem félagsmenn geta nýtt sér til að greiða fyrir líkamsræktina, gleraugun, líftryggingar og margt fleira. Mikill sveigjanleiki einkennir VR varasjóð en hann er ótengdur starfsmenntasjóðum. Við hvetjum félagsmenn til að kanna stöðu sína í sjóðum VR áður en þeir greiða fyrir nám eða annað.

Hægt er að sjá stöðuna á [www.vr.is](http://www.vr.is) á Mínum síðum. Ef þú hefur ekki þegar sótt um lykilorð getur þú gert það á vefnum.

## Ársfundur ASÍ og þing LÍV haustið 2008

**Ársfundur Alþýðusambands Íslands** verður haldinn dagana **23.-24. október** á **Hilton Nordica** í Reykjavík. Meginviðfangsefni fundarins verður „Ungt fólk, samfélagið og verkalyðshreyfingin“.

**Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna** verður haldið **19. september** á **Akureyri**. Þar verða skipulagsmál til umfjöllunar.

Val á fulltrúum til ársfundar ASÍ og þings LÍV verður með sama hætti og undanfarin ár. Leitað er fyrst til stjórnar og trúnaðarráðs og ef ekki næst að manna listana með þeim hætti verður haft samband við trúnaðarmenn á vinnustöðum.

## Skólafræðslan færir út kvíarnar

Enn á ný hefst grunnskólafræðsla VR en á haustin eru send út bréf til allra grunnskóla á félagssvæðinu og þeim boðið að koma til VR á fyrirlestur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Í fyrra voru haldnir alls 80 fyrirlestrar fyrir grunnskólanema og einnig heimsótti félagið Menntaskólann á Laugarvatni og Verkmenntaskólann á Akureyri.

Starfsmenn VR flytja fyrirlestrana en inn í þá er fléttað leiknu efni unnu af Jóni Gnarr þar sem hann tekur vinnutengd atvik, oft erfið, og setur upp á sinn einstaka hátt.

Framhaldsskólarnir hafa sýnt áhuga á að fá fræðsluefni frá félaginu og er ánægjulegt að segja frá því að nú er í vinnslu efni sniðið að eldri nemendum þar sem Jóni Gnarr kemur einnig við sögu.



# Morgunfundir VR

## Taktu þátt í þróun félagsins

Þá eru morgunfundirnir að hefja göngu sína eftir sumarfrí en þar spjalla forsvarsmenn VR við félagsmenn yfir morgunverði. Fundirnir eru í húsnæði VR á 0. hæð í Húsi verslunarinnar, frá kl. 8:30 og til kl. 10:00. Á hvern fund eru boðaðir 15-20 félagsmenn sem valdir eru handahófskennt úr félagaskrá. Félagsmenn geta einnig skráð sig sjálfir með því að hringja í þjónustuver VR.

Stjórnendur félagsins öðlast með þessu dýrmætar upplýsingar beint frá félagsmönnum og er þetta einnig góður vettvangur fyrir félagsmenn að nálgast upplýsingar og láta í ljósi skoðanir sínar á starfinu. Félagsmennirnir fá með þessu í auknum mæli að koma að starfi VR en félagið leitast við að þróast í takt við þarfir félagsmanna.

Nánari upplýsingar á [www.vr.is](http://www.vr.is) og skráning er í þjónustuveri, sími 510 1700.

### Morgunfundir í Reykjavík á haustönn

2., 9., 16. og 30. október

6., 13., 20. og 27. nóvember

Dagsetningar eftir áramót verða auGlýstar þegar nær dregur.

### Fundir með félagsmönnum á Austurlandi

Reyðarfjörður, 17. september kl. 12-12:30

Neskaupsstaður, 17. september kl. 19-20:30

Egilsstaðir, 18. september kl. 8-9:30

## Austanmenn sameinast VR

Verslunarmannafélags Austurlands og VR sameinuðust formlega þann 1. júní sl. og var í kjölfarið stofnuð sérstök deild VR á Austurlandi. Kristín M. Björnsdóttir sem gegnt hefur formennsku í Verslunarmannafélagi Austurlands, er formaður í þriggja manna stjórn deildarinnar. Í VFA voru um 400 félagsmenn sem eru nú félagsmenn í VR með öllum þeim réttindum sem því fylgir.

Formaður VR, Gunnar Páll Pálsson, segir sameiningu VR og VFA mikilvæga fyrir bæði félögin, það sé ávinningur fyrir verslunarmenn að taka höndum saman, burtséð frá því hvar á landinu þeir búi.

Með þessari sameiningu hefur VR sameinast fimm öðrum verslunarmannafélögum á undangengnum fimm árum. Árið 2003 samþykktu félagsmenn í VR og Verslunarmannafélagi Akraness að sameinast eftir tveggja ára samstarf og var það fyrsta sameining VR við annað félag verslunarmanna. Árið 2006 sameinaðist VR Verslunarmannafélagi Hafnarfjarðar eftir eins árs samstarf og ári síðar sameinuðust VR og Verslunarmannafélag Vestmannaeyja á grundvelli samstarfssamnings sem undirritaður var 2005. Um mitt síðasta ár gekk einnig í gildi sameining VR og Verslunarmannafélags Vestur-Húnavetninga eftir eins árs samstarf.

## Er námsstyrkur þinn skattlagður?

Félagsmenn hvattir til að kæra ef námsstyrkir þeirra eru skattlagðir

Fjöldi félagsmanna hefur fengið bréf frá skattayfirvöldum þar sem þeim er tilkynnt um breytingu á framtali þeirra og gerð krafa um skatt af styrkgreiðslum úr starfsmenntasjóðum. Að mati VR eru námsstyrkir sem nýtast til öflunar starfsréttinda ekki skattskyldir sbr. úrskurð yfirs kattaneftndar frá því fyrr í sumar en þá hnekkti nefndin ákvörðun skattstjóra sem hafði skattlagt styrk félagsmanns VR vegna flugnáms. VR hvetur félagsmenn sína sem fengið hafa bréf um skattlagningu námsstyrkja til að kæra þá ákvörðun til skattayfirvalda.

Í málinu sem fór fyrir yfirs kattaneftnd hafði félagsmaðurinn fært styrk sem hann fékk úr Starfsmenntunarsjóði verslunar- og skrifstofufólks sem tekjur og kostnað vegna námsins sem frádrátt á móti. Skatturinn hafnaði þessu á þeim forsendum að námið væri ekki starfstengt. Yfirs kattaneftnd hnekkti ákvörðun skattstjóra og úrskurðaði félagsmanninum í hag. Það

er því kristaltært, að mati VR, að styrki úr starfsmenntasjóðum eigi ekki að skattleggja.

### Breytt framkvæmd skattayfirvalda

Áratugum saman voru styrkir sem VR veitti félagsmönnum sínum ekki skattlagðir en fyrir nokkrum árum virðist hins vegar sem skattayfirvöld hafi gerbreytt framkvæmd sinni og ganga hart fram í að innheimta skatta af styrkjum. VR hefur gagnrýnt þessa skattlagningu og varist henni, m.a. með því að vísa málinu sem sagt er frá hér að ofan til yfirs kattaneftndar. Nú þegar úrskurður yfirs kattaneftndar liggur fyrir kemur það félaginu því á óvart að enn skuli skattayfirvöld draga lappirnar og krefja félagsmenn um skatt. VR hvetur því félagsmenn sína til að láta á þennan úrskurð reyna og kæra ákvörðun um skattlagningu námsstyrkja til skattayfirvalda.

# Hvað gerir VR fyrir þig?

## Réttindi

VR gerir kjarasamninga sem tryggja grunnréttindi.

VR veitir lögfræðipjónustu og aðstoð við gerð ráðningarsamninga, útreikning launa, innheimtu launakrafna, túlkun kjarasamninga o.fl.

VR gerir árlega kannanir á launum og aðbúnaði á vinnustöðum.

VR stendur fyrir auglýsingaherferðum til að tryggja mannréttindi á vinnumarkaði.

VR veitir styrki til náms.

VR býður orlofshús og tjaldvagna til leigu.

## Öryggi

VR stuðlar að afkomuöryggi vegna sjúkdóma og slysa

VR greiðir sjúkra- og slysadagpeninga, 80% af launum í allt að níu mánuði.

VR greiðir dagpeninga vegna veikinda barna, 80% af launum í allt að níu mánuði.

VR greiðir slysa-, dánar og örorkubætur vegna barna að 16 ára aldri.

VR greiðir örorkubætur vegna slyss í frítíma, allt að rúmlega 17 milljónum króna.

VR greiðir dánarbætur.

## Varasjóður

Þú getur nýtt VR varasjóð

Til endurmenntunar eða námsorlofs.

Til forvarna eða endurhæfingar.

Til orlofs, s.s. til ferðalga eða í orlofshús VR.

Til að kaupa líf-, slysa- eða sjúkdómatryggingar.

Til að mæta stærrri áföllum í lífinu, s.s. atvinnuleysi eða heilsubrestri.

Til að auðvelda starfslok.



# Þakklát fyrir stuðningin

Skorað á Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur að bjóða sig fram til forseta ASÍ

Stjórnir VR og LÍV, Landssambands íslenskra verzlunarmanna, skora á Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formann LÍV og varaforseta ASÍ, að bjóða sig fram til forseta Alþýðusambands Íslands en kosið verður á ársfundi sambandsins í október. Grétar Þorsteinsson, núverandi forseti, hefur lýst því yfir að hann muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Ingibjörg hefur starfað í verkalýðshreyfingunni í áratugi, verið formaður LÍV frá árinu 1989 og varaforseti ASÍ alls í 13 ár. Hún er eina konan sem kjörin hefur verið formaður landssambands innan ASÍ og myndi kosning hennar í embætti forseta brjóta blað í sögu verkalýðshreyfingarinnar.

## Hver eru viðbrögð Ingibjargar við áskoruninni?

„Ég tek þessari áskorun mjög alvarlega og er að sjálfsögðu þakklát fyrir stuðninginn. Ég ákvað í fyrra að hætta í vetur sem formaður LÍV og í kjölfarið varaforseti ASÍ en mun nú

skoða málið vandlega. Formaður VR hefur lagt að mér að gefa kost á mér eitt ár í viðbót sem formaður LÍV á þingi LÍV í september og ég hef ákveðið að gera það.

Ég hef mikinn áhuga á starfsemi hreyfingarinnar og hef starfað áratugum saman innan hennar. Ég mun nú íhuga málið og ræða við mína samstarfsaðila innan verkalýðshreyfingarinnar.“

Nú hafa margir velt því fyrir sér hvar þú stendur í pólitík? „Sem betur fer eru þeir tímar liðnir að stjórnmalaflokkar eigi pólitíska kvóta innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég hef aldrei starfað á vettvangi pólitísks flokks enda er ég umfram allt félagspólitísk.“

## Hvenær megum við vænta ákvörðunar?

„Ég get ekki svarað því hér og nú en reyni að gera það eins fljótt og auðið er og með nægum fyrirvara.“

# LÍF ÞITT Í SEX ORÐUM

Eitt sinn var skorað á Hemingway að skrifa sögu með hámark sex orðum. Hann skrifaði: „Barnaskór til sölu, ónotaðir.“ Flestir myndu túlka söguna á þann hátt að hún fjallaði um fátæka fjölskyldu sem hefði misst ófætt barn sitt. Háðfuglarnir væru hins vegar vísir til að túlka hana þannig að barn hefði fæðst fótalaust og nískir foreldrar hefðu sett smáauglýsingu í dagblað til að selja skóna. Eflaust má skilja hana á óteljandi vegu.

Innblásnir af goðsögninni um örsögu Hemingways gáfu ritstjórar net tímaritsins Smith ([www.smithmag.net](http://www.smithmag.net)) lesendum sínum kost á að senda inn eigin sex orða (eða minna) ævisögu á netinu. Því er skemmst frá að segja að þetta sló í gegn. Um 11 þúsund svör bárust og komin er út bók með safni þúsund þeirra bestu; *Not Quite What I was Planning: Six Word Memoirs from Writers Famous and Obscure*. Bókin varð metsölubók í New York og hefur meðal annars verið talað um hana sem andríkustu klósettlesningu allra tíma. Það er sannarlega gaman að spreyta sig í knöppu formi enda vinsældir haikunnar, limrunnar og stökunnar óumdeildar. Þó góðar stökur kitli oft hláturtaugarnar er það líka mikil list og áskorun að segja stóra sögu í fáum orðum. Lesandinn fær tækifæri til að geta í eyðurnar og ímyndunaraflíð fer á flug. Eins og segir í vísunni:

*Fegurð hrífur hugann meir  
ef hjúpuð er,  
svo andann gruni ennpá fleir  
en augað sér.*

En hvað er svona skemmtilegt við þessar stuttu sögur? Við fengum nokkra Íslendinga til að spreyta á þessu knappa ævisöguformi. Dæmi nú hver fyrir sig.

Hef þroskast; veit minna um fleira.  
*Þráinn Bertelsson rithöfundur*

Ferðast með meðvitund á hæfilegum hraða.  
*Guðmundur B. Ólafsson lögfræðingur*

Hamingjan er rétt fyrir ofan miðju.  
*Halldór R. Baldursson auglýsingagúrú*

Frábær fjölskylda, mikil vinna, heppni.  
*Edda Rós Karlsdóttir forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans*

Ég hef aldrei nennt að bíða.  
*Guðmundur Oddur prófessor í grafískri hönnun við LHÍ*



Bara svona fínn, þannig séð.  
*Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss*

Skýjaglópezur með hrufluð hné sökum falla  
*Haraldur Jónsson stjórnmálafræðingur*

Félagsfrík, frökk, silfurhærð, hörku sölumaður!!  
*Jóhanna E. Vilhelmsdóttir starfsmaður hjá Heimi*

Tilverandinn er oftast yfir mér  
*Dóra Ísleifsdóttir fagstjóri grafískrar hönnunar í LHÍ*

Hverju hafa 40 þúsund flóð breytt?  
*Þorlákur Karlsson prófessor við HR*

Fimm ára í fimmtugum skrokki  
*Nanna Rögnvaldardóttir matgæðingur*

Lífið er hundar, mjög margir hundar!  
*María Tómasdóttir hundaræktandi*

Hraðbraut með fullt af skemmtilegum hjáleiðum  
*Tómas Bolli Hafþórsson grafískur hönnuður*

# ÁST OG ÁSTARSORG

Það nýjasta í nettímaritinu er meðal annars áskorun til lesenda um að senda inn sex orða minningar um ást og ástarsorg sem einnig á að gefa út á bók. Dæmi um svör eru:

*Hann gaf mér brauðrist í jólagjöf.  
Ást, svo miklu betri í bíómyndum.  
Tattooíð mitt, nafnið hans, leyndarmál okkar.  
Skipt út fyrir nýja árgerð.  
Ég í tölvunni, hann hrýtur.  
Ég þarfnast hans þrátt fyrir að hann sé blankur.  
Giftist rússneskri, burstu tennurnar með vodka.*

PISTILL Haraldar Jónssonar

# Haustið er eins og ástin

Seiðandi hlýtt og myrkt, sindrandi kalt og bjart

Sumarið fær hægt andlát. Eins og gamall afi. Við vissum svo sem alveg að það myndi gerast en vonuðum að það myndi endast eitthvað lengur. Það hafa nefnilega verið svo margir góðir dagar að undanfögnu að við fórum að vona að sumarið myndi hjarna við og tóra eitthvað áfram. En það óumflýjanlega gerist auðvitað, sumarið hverfur og við tekur sorgarferli sem stendur um það bil þar til fyrstu jólaauglýsingarnar birtast í sjónvarpinu. Þá skyndilega er liðið sumar ekki umræðuefnið heldur komandi jól. Og vorið í kjölfarið. Og sumarið maður. Vá, hvað það verður gaman.

Sjálfum finnst mér haustið reyndar yndislegur tími. Og rómantískur. Þrátt fyrir að fólkið fölni og færast úr lit yfir í svarthvít, þrátt fyrir að útivistartími barnanna styttest, þrátt fyrir að það sé horft á mig ef ég fer á stuttbuxum í ísbúðina, þrátt fyrir að ég kaupí mér ekki líkamsræktarkort tuttugasta árið í röð, þrátt fyrir að haust nútímans sé fremur tími uppsagna en uppskeru, þrátt fyrir að þingmenn yfirtaki fréttatímana að nýju, þrátt fyrir að sumarið sé minningin ein.

Á haustin elska ég örur og dýpra. Haustið er eins og ástin; seiðandi hlýtt og myrkt, sindrandi kalt og bjart. Haustið er tími ástarleikja og sköpunar. Þá fæ ég alltumlykjandi myrkrið aftur til að leika við með kertum. Stjörnurnar mínar koma á ný og ég leggst dúðaður á afvikna staði og finn almættið í þeim og sjálfum mér. Þá finn ég lyktina af kuldanum og fer í langar göngur til að finna hann bíta í lungun.

Það er út af þessu sem haustið er uppáhalds árstíðin mín. Og kannski líka sökum þess að mér finnst ég líta betur út í rökkrinu en í flennibirtu sumarsins. Þrjú mánuðir með magann upp að hrygg er bara of mikið fyrir mann eins og mig. Mér finnst ég því dálítið finna kynþokka minn á ný í rökkrinu – ef ég má játa það hér. Minn kynþokki þolir nefnilega illa strendur og sundlaugar og sólarbirtu. Hann þrífst betur í skugganum og á tunglskinsgöngum.

Á haustin verð ég sem sagt afskaplega rómantískur. Og svo batnar líka sjónvarpsdagskráin...





# LAUNAKÖNNUN 2008

Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu um 9,9% á milli árunna 2007 og 2008 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR. Þetta er nokkuð meira en laun hækkuðu almennt á vinnumarkaði á sama tíma, launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,2%. Launakönnun VR 2008 sýnir einnig að launamunur kynjanna er óbreyttur á milli ára en til lengri tíma litið hefur hann dregist verulega saman.

Á næstu síðum er ítarlega fjallað um niðurstöður könnunarinnar og birtar töflur yfir laun eftir starfsstéttum og breytingu launa á milli ára. Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), er frekari umfjöllun og reiknivél þar sem hægt er að fá allar launatölur eftir mismunandi bakgrunnspáttum.

## Helstu niðurstöður

Heildarlaun félagsmanna VR eru 9,9% hærrí í ár en í fyrra, 399 þúsund krónur að meðaltali á mánuði á móti 363 þúsund. Grunnlaun hækkuðu svipað, úr 329 þúsund að meðaltali á mánuði í 361 þúsund eða um 9,7%. Á sama tímabili hækkuðu laun almennt á vinnumarkaði um 6,3% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar og ljóst að félagsmenn VR nutu launaskriðs umfram almenna launaþróun milli áráanna 2007 og 2008. Miðað er við laun fyrir janúarmánuð bæði árin.

### Hæstir og lægstir

Þrjú hópar starfsmanna fara yfir 600 þúsund að meðaltali á mánuði í heildarlaun þetta árið; hærrí stjórnendur, þ.e. framkvæmdastjórar og aðrir sambærilegir, eru launahæstir með 619 þúsund að meðtali í heildarlaun, aðeins hærrí en starfsmannastjórar sem eru með 617 þúsund og sviðsstjórnarnir sem eru með 612 þúsund á mánuði að meðaltali. Launin eru lægst sem fyrr hjá afgangslúfólki á kassa eða 205 þúsund að meðaltali á mánuði.

### Stjórnendur hækka mest

Mesta hækkun heildarlauna, þegar litið er til starfsgreina, varð hjá stjórnendum og sérfræðingum, 10%, og sölu- og afgangslúfólki, 9%. Grunnlaun þessara hópa hækkuðu um sama hlutfall.

Ef við skoðum hins vegar einstakar starfsstéttir má sjá að afgangslúfólk á kassa lækkaði mest á milli ára um 12% í heildarlaunum og 10% í grunnlaunum sem er áhyggjuefni en þessi hópur hækkaði mest á milli áráanna 2006 og 2007 eða um 29% þegar litið er til heildarlauna. Þessa lækkun má m.a. rekja til þess að fleiri yngri félagsmenn virðast sinna þessum störfum nú en í fyrra, meðalaldur svarenda í þessum hópi hefur lækkað, og niðurstöður könnunarinnar sýna að almennt eru yngri félagsmenn með lægri laun en þeir sem eldri eru.

### Launabilið eykst

Heildarlaun félagsmanna VR sem eru í hópi þeirra 5% launahæstu eru að meðaltali 873.831 þúsund á mánuði en meðallaun þeirra sem eru í hópi þeirra 5% launalægstu eru 195.729 þúsund. Munurinn er 446%, þ.e. meðallaun þeirra launahæstu eru nærrí 4,5 sinnum hærrí en þeirra launalægstu. Í fyrra var þessi munur 425%, hann var 411% árið 2006 og 398% árið 2005.

### Vinnuvikan ekkert breyst frá 2004

Lengd vinnuvikunnar hefur ekki breyst frá árinu 2004, að meðaltali vinna félagsmenn VR 44,6 stundir á viku. Árið 2003 var vinnuvikan að meðaltali 43 stundir. Karlar vinna að meðaltali 46,7 klst. á viku en konur 42,9 klst. Stystur vinnutími er hjá skrifstofufólki, 40,9 stundir, en lengstur hjá stjórnendum og sérfræðingum, 46,4 stundir, og starfsfólki í gæslu-, lager- og framleiðslustörfum eða 45,7 stundir á viku. Verslunin er sem fyrr með lengsta vinnuviku, 46,4 klukkustundir að meðaltali.





## Gemsinn orðinn sjálfsgöður?

Hlunnindi eru mjög algeng meðal félagsmanna VR, 77% eru með hlunnindi af einhverjum toga samanborið við 43% árið 2004. Gemsinn og styrkur vegna líkamsræktar eru algengustu hlunnindi, 40% þeirra sem fá einhver hlunnindi eru með farsíma frá vinnunni og sama hlutfall fær styrk vegna líkamsræktar – sumir fá örugglega hvoru tveggja. Tölvutenging á heimilið er líka algeng (21%) sem og tölva á heimilið (15%), bifreiðahlunnindi (17%) og fræðslustyrkur (16%).

Starfsstétt hefur mikið að segja hvað hlunnindin varðar, 89% stjórnenda og sérfræðinga er með hlunnindi og er það umtalsvert meira en allar aðrar stéttir. Mun fleiri karlar fá hlunnindi en konur eða 84% á móti 73%. Karlarnir fá frekar síma en konurnar líkamsræktarstyrk, þeir fá frekar tölva og tölvutengingu heim, bifreiðahlunnindi og greiddan símakostnað.

## Félagsmenn sátir við launin

VR-félagar eru yfirleitt nokkuð ánægðir launakjör sín, 55% eru ánægð en 22% óánægð, restin segist hvorki ánægð né óánægð. Þetta er svipuð niðurstaða og í fyrra en meiri ánægja en árið 2006 þegar einungis 48% voru ánægð með sín laun. Karlmenn eru ánægðari en konur, enda launahærri, ánægjan er meiri eftir því sem hærra er klifrað í metorðastiganum og eftir því sem menntun eykst.

## Óskalaunin 17% hærri

Aukin ánægja með launakjörin þýðir að hlutfallslegur munur á raunverulegum launum og óskalaunum fólks er minni nú en verið hefur, almennt telur fólk að sanngjörn laun séu 17% hærri en þau laun sem það fær raunverulega greidd. Í fyrra var þessi munur 20% en 27% árið 2006. Karlar telja að 508 þúsund á mánuði, svona að meðaltali, séu sanngjörn laun fyrir þeirra vinnu. Konurnar segja hins vegar að sanngjörn laun séu 410 þúsund.

## Hverju skilar menntunin?

Rúm 40% félagsmanna VR sem lokið hafa masters- eða doktorsnámi eru með 550 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði eða meira. Meðaltalið er 556 þúsund krónur á mánuði en það er 68% herra en launin að meðaltali hjá þeim sem hafa grunnskólapróf eða minni menntun og 55% herra en laun þeirra sem lokið hafa framhaldsskóla.

BA námið skilar einnig umtalsvert hærri launum en skemmri menntun, félagsmenn með BA / BS gráðu hafa að meðaltali 485 þúsund í heildarlaun á mánuði sem er 35% herra en þeir sem létu staðar numið á menntabrotinni eftir framhaldsskólann en laun þeirra eru að meðaltali 359 þúsund á mánuði.

*Ítarlegri niðurstöður á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is)*

# Hver eru launin 2008?

Meðallaun svarenda eftir starfsstétt og kyni

	Heildarlaun í þús. króna				Grunnlaun í þús. króna				Meðalatal heildarlauna eftir kyni		
	Launadreifing				Launadreifing				Karlur	Konur	Fjöldi
	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk			
<b>Alls</b>	<b>399</b>	<b>296</b>	<b>360</b>	<b>461</b>	<b>361</b>	<b>270</b>	<b>335</b>	<b>420</b>	<b>445</b>	<b>366</b>	<b>5548</b>
<b>Stjórnendur og sérfræðingar</b>	486	365	450	555	439	344	410	500	519	452	2426
Framkvæmdast./önnur hærrí stjórnunarstörf	619	427	563	736	574	400	547	700	657	543	159
Forstöðumenn/sviðsstjórar	612	465	580	733	568	450	540	700	657	565	123
Deildarstjórar	460	350	432	549	432	335	405	503	483	436	238
Fjármálastjórar	561	432	545	650	512	401	500	603	593	539	97
Markaðsstjórar	529	420	520	600	489	398	463	550	542	519	70
Sölustjórar	506	390	475	575	445	350	430	500	529	418	179
Starfsmannastjórar	617	419	545	700	535	400	505	660	652	611	40
Verslunarstjórar	390	301	370	454	340	274	320	390	440	336	17
Skrifstofustjórar	412	325	400	475	377	313	371	435	477	400	129
Innkaupastjórar	466	370	430	550	420	350	410	500	496	390	85
Verkstjórar	395	320	380	450	351	293	335	400	399	384	84
Þjónustustjórar	402	325	400	450	371	300	360	430	413	391	90
Svæðisstjórar	366	240	320	431	337	229	285	390	472	285	37
Önnur stjórnunarstörf	427	350	415	480	388	321	380	450	441	415	117
Tölvunarfræðingar	510	426	500	560	472	405	460	520	506	522	95
Kerfisfræðingar	521	445	504	595	465	400	463	526	522	517	76
Hag- og viðsk.fr./endurskoðendur	554	400	493	654	463	370	430	502	589	531	166
Verkfræðingar og arkitektar	462	353	465	532	417	353	420	473	-	425	13
Sál-, mann-, stjórn.-, fél.- eða uppeldisfr.	455	350	420	556	407	320	375	480	-	401	11
Efna-, eðlis-, líf- og matvælafræðingar	383	344	385	424	377	326	383	424	-	383	12
Uppl.fulltr., alm.tengsla- og fjölm.fræð.	468	365	428	543	437	365	400	503	-	438	16
Lögfræðingar	581	442	600	720	522	341	550	675	-	519	13
Ráðgjafar með háskólapróf	520	398	457	555	439	367	420	500	579	490	94
Verkefnastjórar	442	365	420	500	418	360	400	468	481	418	187
Ferðafræðingar (háskólamenntaðir)	342	273	330	410	316	257	309	369	-	335	16
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	448	350	415	531	401	337	385	461	454	445	106
<b>Sérhæft starfsfólk og tæknar</b>	349	285	330	397	321	270	310	360	390	336	1523
Bókhaldsfulltrúar (meiri ábyrgð)	372	316	360	411	346	300	338	388	412	369	28
Bókhaldsfulltrúar (minni ábyrgð)	310	269	300	340	292	252	290	326	353	307	163
Fjármálafulltrúar	382	328	373	449	350	291	350	398	384	380	40
Launafulltrúar	383	324	365	419	349	310	340	398	373	385	55
Innheimtufulltrúar	321	283	309	351	310	278	300	343	354	317	97
Markaðsfulltrúar	415	325	363	438	353	294	350	399	472	368	49
Innkaupafulltrúar	355	305	335	400	330	280	320	360	395	339	71
Þjónustufulltrúar	316	255	298	349	284	240	277	317	330	312	219
Fulltrúar	332	273	330	370	311	268	300	360	423	308	53
Tækniteiknarar	332	270	320	386	301	267	295	343	318	335	39
Umbrot og/eða grafík	369	300	362	420	353	280	350	412	378	359	53
Vefsíðugerð eða -umsjón	394	328	400	460	385	308	390	450	402	-	21
Ferðafræðingar (IATA próf)	298	270	291	326	278	257	273	299	-	298	38
Sérhæfing við tryggingar/tryggingaráðgjafar	411	331	410	473	381	295	390	453	463	376	37
Tjónauppgjör	421	355	364	465	366	334	360	401	458	364	28
Lyfjatæknar	287	232	267	329	255	227	244	274	-	287	26
Annað sérhæft starfsfólk	354	285	346	411	321	257	310	374	388	322	254
<b>Skrifstofufólk</b>	314	261	300	350	292	250	280	319	358	308	241
Umsjón með skrifstofu	324	267	303	350	309	256	288	335	-	314	30
Sérhæfðir ritarar/læknaritarar	323	267	307	351	299	255	284	330	-	319	70
Almennir ritarar	288	236	273	328	261	236	251	290	-	286	31
Önnur almenn skrifstofustörf	312	261	300	352	290	254	280	330	342	304	110

	Heildarlaun í þús. króna				Grunnlaun í þús. króna				Meðalatal heildarlauna eftir kyni		
	Launadreifing				Launadreifing				Karlar	Konur	Fjöldi
	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk	Meðaltal	25% mörk	Miðgildi	75% mörk			
<b>Skrifstofufólk við afgreiðslu</b>	282	232	266	320	263	220	250	300	283	282	230
Gjaldkerar/innheimtustarf	331	277	324	374	312	266	313	353	-	330	66
Móttökuritarar/símavarsla	257	224	247	275	242	220	237	259	-	257	121
Gestamóttaka	257	221	235	280	216	164	205	268	248	262	19
Önnur skrifstofustörf við afgreiðslu	294	248	296	310	269	225	250	299	-	284	24
<b>Sölu- og afgreiðslufólk</b>	335	260	320	390	294	236	287	340	370	290	782
Tölvusalar	353	280	330	396	317	236	302	388	369	-	8
Bílasalar	436	370	408	519	360	306	354	393	438	-	40
Sala í ferðaþjónustu	275	243	270	307	258	225	260	280	-	272	41
Önnur sérhæfð sölustörf	347	286	340	401	309	242	300	361	371	310	143
Sölufulltrúar	366	300	350	416	323	273	309	360	385	336	302
Afgreiðsla á matvöru (t.d. í kjötborði)	275	202	260	338	231	175	211	265	320	241	21
Afgreiðsla á sérvöru (t.d. fót eða leikföng)	274	210	256	300	241	198	220	273	339	249	64
Afgreiðsla á kassa	205	181	213	232	185	157	189	200	-	210	13
Almenn sölustörf í verslun	279	222	265	337	243	200	240	280	306	248	113
Vaktstjórar í verslun	275	232	259	310	228	172	220	287	-	251	11
Aðstoðarverslunarstjórar	364	298	345	403	311	283	307	349	368	349	26
<b>Gæslu-, lager- og framleiðslustörf</b>	294	240	279	324	253	210	250	282	310	260	346
Öryggis- og húsvarsla	302	260	290	324	268	218	259	305	312	280	2
Ræstingar og þrif	319	231	275	438	307	206	268	438	-	-	6
Framleiðsla eða þökkun	258	208	240	275	239	207	237	266	315	241	27
Matráðskonur, matsveinar, matartæknar	276	220	267	319	247	192	225	297	-	259	28
Lagerstörf	299	250	282	329	254	214	250	281	310	265	211
Útkeyrsla	284	243	276	304	251	220	250	278	289	-	36
Bifreiðastjórar/bílstjórar (ekki við útkeyrslu)	332	248	300	370	235	174	232	283	338	-	14

Launakönnun 2008 var gerð dagana 8. febrúar til 3. apríl 2008 meðal fullgildra félagsmanna VR, þ.e. þeirra sem greitt höfðu lágmarksfélagsgjald á tólf mánaða tímabili, frá október 2006 til september 2007. Alls fengu rúmlega 17 þúsund félagsmenn ýmist sent spurningaeyðublað í pósti eða aðgang að könnuninni á netinu. Svarhlutfall var 47% sem er aðeins minna en í síðustu könnun. Mikill meirihluti, eða 90%, svaraði á netinu.

Niðurstöðurnar í könnuninni miða við laun greidd fyrir janúar 2008. Capacent Gallup hafði umsjón með gerð könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Athugið að launakönnun VR byggir á heildarþýði, ekki úrtaki, því allir félagsmenn VR höfðu færi á að taka þátt að uppfylltum þeim skilyrðum sem nefnd eru hér að framan. Við úrvinnslu launaupplýsinga voru notuð svör þeirra sem eru í 70% starfshlutfalli eða meira en við úrvinnslu á vinnutíma og launamun kynjanna voru einungis notuð svör þeirra sem voru í 100% starfi.

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í nokkrum töflum, bæði heildartöflum og töflum eftir atvinnugreinum. Hér eru birtar tvær

töflur, tafla yfir laun eftir starfsheimum óháð atvinnugrein og tafla yfir breytingar á launum milli 2007 og 2008.

### Lesið úr töflunum

Meðaltal launa í töflunum sem hér eru birtar segir til um hver meðallaunin eru innan tiltekinnar starfsstéttar. Einnig eru birtar upplýsingar um launadreifingu. Helmingur svarenda er með hærri laun en miðgildið segir til um og helmingur er með lægri laun. Talan í dálknum 25% mörk gefur til kynna að fjórðungur svarenda sé með sömu eða lægri laun en þau sem birtast í dálknum og er þá 75% svarenda með sömu eða hærri laun. Talan í dálknum 75% mörk gefur hins vegar til kynna að fjórðungur svarenda er með hærri laun en tilgreind eru í dálknum á meðan 75% svarenda eru með sömu eða lægri laun.

### Reiknivél á vr.is

Á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is), eru birtar upplýsingar um laun eftir atvinnugreinum, nánari upplýsingar um gerð könnunarinnar og niðurstöður. Þar er einnig reiknivél til að reikna út laun miðað við tilteknar forsendur, þ.e. starf, atvinnugrein, aldur, starfsaldur og menntun.

# Samanburður á milli ára

Breytingar á grunn- og heildarlaunum milli ára

	Heildarlaun í þús. króna			Grunnlaun í þús. króna			Fjöldi	
	Meðaltal 2008	2007	% breyting frá síð. VR lönnun	Meðaltal 2008	2007	% breyting frá síð. VR lönnun	2008	2007
<b>Alls</b>	<b>399</b>	<b>363</b>	<b>10%</b>	<b>361</b>	<b>329</b>	<b>10%</b>	<b>5548</b>	<b>5726</b>
<b>Stjórnendur og sérfræðingar</b>	486	440	10%	439	401	10%	2426	2412
Hærri stjórnendur	616	556	11%	571	504	13%	282	307
Deildarstjórn	460	421	9%	432	390	11%	238	209
Fjárm., sölu-, markaðs- og starfsm.stjórn	535	473	13%	479	434	10%	386	402
Verslunarstjórn	390	359	9%	340	328	4%	173	195
Innkaupa- og skrifstofustjórn	434	380	14%	394	350	13%	214	202
Þjónustu- og verkstjórn	399	375	6%	361	342	6%	174	170
Önnur stjórnunarstörf	412	377	9%	376	344	9%	154	117
Tölvunarfræðingar	510	449	14%	472	423	12%	95	110
Kerfisfræðingar	521	464	12%	465	422	10%	76	105
Hag- og viðsk.fr./endurskoðendur	554	486	14%	463	412	12%	166	194
Verkefnastjórn	442	414	7%	418	388	8%	187	137
Aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar	471	411	15%	416	375	11%	281	264
<b>Sérhæft starfsfólk og tæknar</b>	349	324	8%	321	298	8%	1523	1530
Bókhalds-, fjármála- og launafulltrúar	375	357	5%	347	329	5%	375	397
Bókhaldsfulltrúar (minni ábyrgð)	310	286	8%	292	273	7%	163	151
Innheimtufulltrúar	321	321	0%	310	301	3%	97	106
Markaðs- og innkaupafulltrúar	380	349	9%	339	311	9%	120	135
Þjónustufulltrúar/fulltrúar	319	283	13%	289	262	10%	272	272
Tækniteikn./umbr.- og grafík/vefs.gerð	361	324	11%	341	303	12%	113	102
Ferðafræðingar	298	281	6%	278	260	7%	38	54
Sérhæfing vegna trygginga/tjónauppgjör	415	399	4%	375	335	12%	65	68
Annað sérhæft starfsfólk	348	316	10%	315	290	9%	280	245
<b>Skrifstofufólk</b>	314	290	8%	292	269	8%	241	310
Umsjón með skrifstofu	324	291	11%	309	274	13%	30	56
Sérhæfðir ritarar/læknaritarar	323	298	8%	299	289	4%	70	60
Önnur almenn skrifstofustörf	307	288	7%	284	261	9%	141	194
<b>Skrifstofufólk við afgreiðslu</b>	282	262	7%	263	241	9%	230	198
Gjaldkeri/innheimtustarf	331	313	6%	312	288	8%	66	51
Móttökuritarar/símavarsla	257	238	8%	242	228	6%	121	76
Önnur skrifst.störf við afgr./gestamóttaka	277	253	10%	246	220	12%	43	71
<b>Sölu- og afgreiðslufólk</b>	335	308	9%	294	269	9%	782	854
Sérhæfð sölustörf	350	332	5%	310	292	6%	232	253
Sölufulltrúar	366	335	9%	323	292	10%	302	322
Afgreiðsla á sérvöru/matvöru	274	242	14%	238	212	13%	85	106
Alm. sölustörf/vaktstjórn í verslun	294	264	11%	254	231	10%	150	155
Afgreiðsla á kassa	205	233	-12%	185	205	-10%	13	18
<b>Gæslu-, lager- og framleiðslustörf</b>	294	276	6%	253	236	7%	346	422
Öryggis- og húsvarsla/ræsting	306	279	10%	276	237	16%	30	44
Framleiðsla og pökkun/mötuneyti	267	244	9%	243	219	11%	55	60
Lagerstörf	299	277	8%	254	236	8%	211	258
Útkeyrsla/bílstjórn	297	305	-2%	247	254	-3%	50	60







## Fjarvinnan eykst

Nær 40% félagsmanna VR vinna hluta vinnu sinnar í fjarvinnu

Nær fjórir af hverjum tíu félagsmönnum VR, eða 38,5%, vinna hluta vinnutíma síns í fjarvinnu, að meðaltali rétt tæpa átta tíma á viku. Aukning á fjarvinnu hefur verið mikil síðustu ár, árið 2004 sögðust 23% vinna fjarvinnu. Þetta helst í hendur við aukinn sveigjanleika, í könnun VR á fyrirtæki ársins 2008 voru tæplega 87% ánægð með þann sveigjanleika sem þeir njóta í vinnunni á móti 79% fyrir tveimur árum.

Það er mjög misjafnt hverjir vinna fjarvinnu, karlarnir eru líklegri en konurnar, 45% karla segjast nú vinna fjarvinnu á móti 33% kvenna. Árið 2004 sögðust slétt 30% karla vinna fjarvinnu en 18% kvenna. Starfsstétt hefur einnig mikið að segja þegar kemur að fjarvinnunni, 61% stjórnenda og sérfræðinga vinna fjarvinnu en 17% skrifstofufólks svo eitthvað sé nefnt. Menntun skiptir einnig miklu máli, 74% félagsmanna sem hafa meistaraþráðu eða doktorsþróf að baki vinna hluta vinnu sinnar í fjarvinnu.




## Launamunur kynjanna óbreyttur

Launamunur kynjanna hjá VR stendur nokkurn veginn í stað á milli ára, munurinn á heildarlaunum er rétt tæplega 17%. Kynbundinn munur - munurinn á launum karla og kvenna þegar tillit hefur verið tekið til áhrifa vinnutíma, aldurs, starfsaldurs, starfsstéttar og menntunar á launin - er 12,3% en þessi munur var 11,6% í fyrra. En eins og áður sagði er þessi breyting ekki marktæk en það er hins vegar þróunin til lengri tíma litið - á síðustu átta árum hefur kynbundinn launamunur innan VR minnkað verulega. Launamunurinn hjá félagsmönnum SFR - stéttarfélagi starfsmanna ríkisstofnana eða stofnana sem áður voru í ríkiseigu - hefur hins vegar aukist á milli ára.

### Fjórðungs lækkun á átta árum

Heildarlaun karla samkvæmt launakönnun VR árið 2008 eru að meðaltali 445 þúsund á mánuði en heildarlaun kvenna eru 366 þúsund að meðaltali. Munurinn er 16,7%, þ.e. konur eru að meðaltali með 16,7% lægri laun en karlar. Árið 2000 var þessi munur 20,4% og hefur því dregist saman um rúman fimmtung á tímabilinu. Þróun greiddra félagsgjalda styður þessa niðurstöðu. Kynbundinn launamunur innan VR var 15,3% árið 2000 en er nú 12,3% og hefur hann minnkað meira en munurinn á heildarlaunum eða um nær fjórðung. Samkvæmt nýjum tölum frá rannsóknarstofnun Evrópusambandsins í vinnumarkaðsfræðum, Eurofound, er launamunur kynjanna 15,9%, þ.e. konur í aðildarríkjunum hafa að meðaltali 15,9% lægri heildarlaun en karlar. Hér er miðað við laun pr. klukkustund en ekki mánuð.

### Launamunur kynjanna 2000 - 2008



\*Hér er miðað við heildarlaun á mánuði

\*\*Hér er miðað við heildarlaun á mánuði eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa vinnutíma, aldurs, starfsaldurs, starfsstéttar og menntunar á launin

\*\*\*Launakönnun var ekki gerð árið 2002

### Hvar er munurinn minnstur & mestur?

Munur á heildarlaunum kynjanna er minni meðal fólks á aldrinum 25 ára til 34 ára en hann er hjá öðrum aldurshópum og veur það athygli að minnsti munurinn mælist ekki hjá yngsta fólkinu eins og margir myndu ætla. Launamunurinn er einnig umtalsvert minni hjá fólki með háskólamenntun en öðrum menntahópum, en það kemur líklega fæstum á óvart.

Starfsaldur hefur sitt að segja, eftir því sem starfsaldurinn er lengri, því meiri er launamunur kynjanna. Lífaldur hefur án efa mest að segja hvað þetta varðar. Ef litið er á launamun kynjanna eftir starfsstétt má sjá að mestur er hann hjá sölu- og afgreiðslufólki en minnstur hjá skrifstofufólki við afgreiðslu, hjá þeim hópi eru heildarlaunin því sem næst jöfn en ef við skoðum grunnlaun er launamunur kynjanna rúm 6% konum í hag í þessum hópi.


### Meiri munur á óskalaunum

Í launakönnuninni voru þátttakendur beðnir um að skrá hvaða laun þeim finnst sanngjörn fyrir þá vinnu sem þeir sinna, þ.e. hver óskalaun þeirra séu. Greinilegur munur er á kynjunum hvað þetta varðar, karlar nefna töluna 508 þúsund á mánuði en konur 410 þúsund á mánuði. Það veur athygli að munurinn á óskalaunum kynjanna er meiri en munurinn á heildarlaunum þeirra, óskalaun kvenna eru 19,3% lægri en óskalaun karla en munurinn á greiddum heildarlaunum er 16,7%

### Launamunurinn eykst hjá SFR

Konur í SFR – stéttarfélagi í almannatjónustu hafa að meðaltali 27% lægri heildarlaun en karlar og er það aukning frá árinu 2006 en þá voru laun kvenna í SFR 24,9% lægri en karla. Þetta kemur fram í niðurstöðum launakönnunar SFR fyrir árið 2008 en þetta er annað árið í röð sem félagsmenn SFR taka þátt í sambærilegri launakönnun og félagsmenn VR. Kynbundinn launamunur heildarlauna er 18,3% meðal félagsmanna SFR en var 14,7% árið 2007 og er þessi aukning á milli ára marktæk. Launamunurinn er þannig töluvert meiri meðal félagsmanna SFR en VR.

### Launamunur kynjanna hjá VR og SFR



### Hvað hentar konum best?

Þessi niðurstaða veur upp spurningar um hvort dreifstýrt launakerfi, eða markaðslaunakerfi eins og tíðkast almennt á hinum almenna vinnumarkaði þar sem félagsmenn VR starfa, henti konum betur en miðstýrt launakerfi, eins og er við lýði hjá ríkisfyrirtækjum. Samið var um markaðslaun í kjarasamningum VR og Samtaka atvinnulífsins árið 2000 og var markmiðið m.a. að jafna launamun kynjanna og stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Á þeim tíma sem liðinn er hefur VR lagt aukinn þunga í þennan málaflokk sem virðist vera að skila árangri; launamunur kynjanna hefur minnkað, eins og áður sagði, um fjórðung þegar litið er til heildarlauna og ríflega fimmtung ef litið er til kynbundins launamunar.

## Hækkaðu launin

Nýttu þér kjarasamningsbundinn rétt til launaviðtals

Mikill meirihluti félagsmanna VR fór í starfsmanna- og/eða launaviðtal á síðasta ári eða 68%. Nær átta af hverjum tíu fengu breytingu á kjörum sínum til hins betra í kjölfar viðtalsins. Starfsmanna- og launaviðtölum hefur fjölgað verulega undanfarin ár, árið 2004 sögðust 49% hafa farið í viðtal og árið 2006 var þetta hlutfall 58%. Í kjarasamningum árið 2000 var samið um rétt félagsmanna til árlegs starfsmanna- og/eða launaviðtals og ljóst að æ fleiri nýta sér þennan rétt eftir því sem á líður.

### Launaviðtal = 9% hærra laun

Þeir sem fóru í starfsmanna- eða launaviðtal á síðasta ári eru með 9% hærra heildarlaun en þeir sem ekki fóru í viðtal, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR. Munurinn hefur aukist á milli ára, hann var 5% í fyrra og 3% árið 2005.

Fyrir fjórum árum sögðu 64% þeirra sem fóru í viðtal að kjör þeirra hefðu batnað í kjölfar viðtalsins. Í ár er þetta hlutfall komið í 79%. Einn af hverjum fimm segir hins vegar engar breytingar hafa orðið og rúmlega 1% að breytingar í kjölfar viðtalsins hafi orðið til hins verra. Það vekur athygli að sjá má mun á milli þeirra sem nýttu sér launakönnun VR til að undirbúa sig fyrir viðtalið og þeirra sem ekki gerðu það. Hjá 87% af þeim sem notuðu launakönnun VR urðu breytingar á kjörum til hins betra en hjá 73% þeirra sem ekki notuðu launakönnunina og er þessi munur marktækur.

### Hverjir fara í viðtal?

Eldri félagsmenn fara síður í starfsmanna- eða launaviðtal en þeir sem yngri eru, starfsfólk á aldrinum 25 til 34 ára er hins vegar duglegast að fara í viðtöl, 75-80% þeirra fóru í viðtal í fyrra. Menntun hefur líka töluvert að segja, eftir því sem menntunarskilyrði eykst því líklegra er að fólk fari í viðtal. Þá er misjafnt eftir atvinnugreinum hversu algeng viðtöl eru, t.d. eru þau algengari í fyrirtækjum í sérhæfðri þjónustu eða fjármálageira en í fyrirtækjum í iðnaði.

### Nýttu þér tæki og tól

Rúmlega fjórir af hverjum tíu félagsmönnum nýttu sér launakönnun VR til að undirbúa sig fyrir launaviðtal og um 6% notaði launavísitölu VR en hana má auðveldlega nálgast í reiknivél á heimasíðunni, [www.vr.is](http://www.vr.is), undir liðnum Kaup og Kjör, Launaþróun. Þessi reiknivél sýnir þér hvernig þín laun hafa þróast í samanburði við þróun launa annarra félagsmanna VR, launaþróun á almennum vinnumarkaði og þróun verðlags.

Háskólagengnir eru mun líklegri til að nýta sér launakönnun VR og launavísitölu í sínum launaviðtölum en þeir sem luku námi um eða eftir grunnskólapróf - um eða yfir 50% háskólamenntaðra studdist við launakönnun VR á móti 32% þeirra sem hafa grunnskólapróf eða minna.



# Ertu að fara í launaviðtal?

Launaviðtal er ekkert frábrugðið öðrum samningaviðræðum. Góður undirbúningur styrkir stöðu þína. Hér eru nokkur góð ráð sem e.t.v. geta hjálpað þér

## Sjálfskoðun

Skoðaðu stöðu þína og reyndu að meta styrkleika þína og veikleika og hvaða tækifæri þú hefur. Hvert er þitt framlag og hvernig stendur þú þig? Hvar og hvernig nýtist þín reynsla og kunnátta best? Skoðaðu stöðu samningsdila þíns og vinnuumhverfið.

## Símenntun

Mikilvægt er að þú hafir frumkvæði að eigin símenntun. Skráðu hjá þér námskeið sem þú sækir því aukin menntun hefur jákvæð áhrif á þjónustu eða framleiðni fyrirtækisins sem gerir samningsstöðu þína sterkari í viðtalinu.

## “GÆS”

Hugsaðu um “GÆS”; ég Get, ég Ætla, ég Skal. Hafðu trú á sjálfum þér / sjálfri þér, því annars hefur atvinnurekandinn það ekki.

## Markaðslaun

Aflaðu þér upplýsinga um markaðsvirði þitt, hver laun sambærilegra hópa eru og hvaða laun almennt eru í boði á vinnumarkaði. Notaðu launakönnunina og vinnudagbók þína.

## Markmiðasetning

Settu þér raunhæf markmið, því annars getur þú misst trúverðugleikann. Veltu fyrir þér hvaða niðurstöðu þú myndir sætta þig við. Ertu að leita eftir launahækkun eða stöðuhækkun? Hvar sérðu sjálfa/n þig eftir fimm ár? Með því að hafa skýr markmið nærðu lengra.

## Samningatækni

Árangur í launaviðtali byggist á góðum undirbúningi en ekki síður þjálfun. Tileinkaðu þér samningatækni og æfðu þig í henni. Haltu samningaviðræðunum á faglegum grundvelli og ekki verða of tilfinningasöm/-samur. Til að ná sem bestum árangri geturðu þurft að sýna sveigjanleika sem getur verið báðum til góða. Bestu samningarnir eru þegar báðir aðilarnir “græða”.

## Tímasetning

Mikilvægt er að huga að því hvenær best sé að tala við stjórnendur um launaviðtalið. T.d. getur verið slæmt að ræða launahækkun ef nýlegir ársreikningar hafa komið illa út, þá borgar sig að bíða aðeins. Pantaðu tíma hjá yfirmanni með nokkurra daga fyrirvara svo stjórnandinn geti einnig undirbúið sig.

## Að takast á við kvíða

Það er eðlilegt að finna fyrir streitu þegar maður fer í launaviðtal en eftir því sem þú ert betur undirbúin/n, því rólegri og yfirvegaðri verður þú.

## Byrjaðu undirbúninginn snemma

Að fá neitun getur verið lærdómsríkt. Að viðtalinu loknu skráðu hjá þér hvað fór vel og hvað hefði betur mátt fara. Byrjaðu að undirbúa þig fyrir næsta viðtal með því að bæta frammistöðu þína og halda vinnudagbók.

## Um hvað má semja?

Launaviðtalið þarf ekki eingöngu að snúast um launin í raun er allt uppi á borðinu. Það getur e.t.v. hentað þér betur að semja um sveigjanlegan vinnutíma eða aukið orlof til að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Hér eru nefnd nokkur atriði sem e.t.v. mætti semja um:

- Afslátt af vörum fyrirtækisins eða annarra fyrirtækja
- Aukið fæðingarorlof
- Aukið orlof á launum
- Árgjald í fagfélag
- Áskrift að tímaritum
- Barnagæslu
- Bensinstyrk
- Bifreiðastyrk
- Fatastyrk
- Ferðastyrk
- Fjölbreytni í starfi
- Forkaupsréttindi á hlutabréfum
- Námsstyrk
- Peningabónus
- Símastyrk
- Slys- og líftryggingu
- Stöðuhækkun
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Tölvu á heimilið
- Vinnuaðstöðu
- Yfirvinnu

JAFNRÉTTI

# Aftur til fortíðar

Vaxandi fjöldi telur að atvinnuþátttaka kvenna bitni á velferð barna



Vísbendingar eru um að stuðningur við jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og heimili hafi náð hámarki bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi og að nú kunni að halla undan fæti. Viðhorf til útívinnaði mæðra virðist vera að breytast, æ fleiri hafa áhyggjur af því að vinna kvenna utan heimilis bitni á fjölskyldulífínu. Þetta má lesa úr niðurstöðum nýrrar könnunar á vegum Cambridge háskóla í Bretlandi.

## **Ekki bakslag, en...**

Mikilvægt er að benda á að niðurstöðurnar sýna ekki að alvarlegt bakslag sé komið í jafnréttisbaráttuna, að því er forsvarsmenn könnunarinnar segja. Hins vegar benda þær til þess að vaxandi stuðningur sé við gamaldags hugmyndir um að staða konunnar sé á heimilinu, ekki á vinnumarkaðnum.

Í könnuninni eru bornar saman niðurstöður viðhorfsrannsókna í Bandaríkjunum, Bretlandi og Þýskalandi frá níunda og tíunda áratug síðustu aldar og fyrstu árum

Þessarar aldar. Í hverri könnun voru svarendur á milli 1.000 og 5.000 talsins. Í Þýskalandi hefur stuðningur við jafnrétti verið að aukast, um miðjan tíunda áratuginn sögðust 24% telja að atvinnuþátttaka konunnar myndi ekki bitna á fjölskyldunni en nú er það hlutfall komið í 37%. Hafa ber í huga að Þýskaland hefur löngum verið á eftir hinum tveimur löndunum þegar jafnréttið er annars vegar, segja forsvarsmenn könnunarinnar, en í Þýskalandi studdi meirihluti þjóðarinnar hefðbundnari kynjahlutverk allt fram á miðjan tíunda áratuginn.

Jafnréttishugsjónin á sér lengri sögu í Bandaríkjunum og Bretlandi en þar virðist hins vegar vera farið að gæta aukinna efasemda. Sérstaklega snúa áhyggjur manna að því að velferð barna og fjölskyldna sé í hættu því meira sem konur vinna úti, tvöföld byrði vinnu og heimilisstarfa sé of mikil fyrir konur. Bretar eru í dag mun jafnréttissinnaðri en á níunda áratugnum en niðurstöður könnunarinnar virðast benda til þess að stuðningur við jafnrétti kynjanna hafi náð hápunkti þar í landi um miðjan tíunda áratuginn. Á þeim tíma sögðust meira en 50% kvenna og 51% karla telja að atvinnuþátttaka konunnar myndi ekki bitna á fjölskyldunni. Nú eru þessar tölur 46% meðal kvenna og 42% meðal karla. Þróunin er jafnvel enn alvarlegri í Bandaríkjunum, árið 1994 töldu 51% að atvinnuþátttaka konunnar myndi ekki bitna á fjölskyldunni en árið 2002 var þetta hlutfall komið niður í 38%.

### Ofurkonan á undanhaldi

“Viðhorf til breyttrar stöðu kvenna á vinnumarkaði og á heimili virðist nú vera á þann veg að aukin atvinnuþátttaka þeirra sé á kostnað bæði þeirra sjálfra og fjölskyldna þeirra. Það kann að vera að viðhorf hafi breyst nú þegar mesti sjarminn er farinn af ofurkonunni og draumurinn um framakonuna, sem jafnframt bakar smákökur og les fyrir börnin á kvöldin, er utan seilingar að mati venjulegs fólks,” segir Jacqueline Scott, prófessor við Cambridge háskóla og höfundur könnunarinnar.

Breytingar í viðhorfi eru annað en breytingar í hegðan segir Scott. En hún bendir hins vegar á að breytt viðhorf skipti máli ekki sist ef það ýti undir þær hugmyndir að atvinnuþátttaka kvenna og fjölskylduskuldbindingar rekist á. Ef okkur á að takast að koma á jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði, segir Scott, er mikilvægt að við vitum hvað fólki finnst sannjarnt, praktískt og mögulegt.

---

*Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í nýrri bók, Women And Employment: Changing Lives and New Challenges. Greinin byggir á frétt á heimasíðu Cambridge háskóla, [admin.cam.ac.uk](http://admin.cam.ac.uk), og umfjöllun á heimasíðu BBC um niðurstöðurnar, [news.bbc.co.uk](http://news.bbc.co.uk).*



## Hverjir eru kynþokkafyllstir?

Hvaða starfstétt karla höfðar mest til kvenna hvað kynþokka varðar? Skv. rannsókn sænska kvennablaðsins Töru eru það alls ekki þeir sem skaffa mest sem skora hæst. Framkvæmda- og forstjórar eru ekki nema í 10. sæti á kynþokkalianum en framar eru til dæmis lögreglumenn, kokkar, smiðir og ljósmyndarar og fyrsta sætið verma hetjur hversdagsins; slökkviliðsmennirnir. Lestina reka svo endurskoðendur með upplýsingatæknimenn og stjórnáamenn rétt fyrir ofan sig. Valdastöður eru greinilega ekki nauðsynlegar til að heilla konurnar.

### Hvaða stéttir eru mest og minnst sexí?

1. Slökkviliðsmenn
2. Læknar
3. Lögreglumenn
4. Smiðir
5. Tónlistarmenn
6. Leikarar
7. Ljósmyndarar
8. Kokkar
9. Myndlistarmenn
10. Forstjórar og framkvæmdastjórar
11. Rithöfundar
12. Blaðamenn
13. Bændur
14. Kírópraktorar
15. Sálfræðingar, bifvélavirkjar
16. Félagsfræðingar
17. Kennarar
18. Markaðsmenn
19. Uppl.tæknimenn, rakarar, sölum., stjórnáam.
20. Endurskoðendur

UPPSAGNIR Elías Magnússon forstöðumaður kjarasviðs VR

# Vaxandi vandamál í dag

Þessa dagana lesum við hverja fréttina á fætur annarri um uppsagnir. Hér er sagt frá helstu atriðum varðandi uppsagnir sem algengt er að hafi vandamál í för með sér

Ráðningarsamningar launþega eru almennt ótímabundnir og verða því vinnuveitandi og launþegi að slíta vinnusambandi sínu með kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti. Tímabundnir ráðningarsamningar eru hins vegar samningar sem gilda venjulega frá ákveðnum degi og til annars ákveðins dags, án þess að til formlegar uppsagnar komi. Báðir aðilar vinnusambands geta því hætt störfum skv. lokadagsetningu samningsins án frekari tilkynninga til hins aðilans. Þessir samningar geta líka verið tengdir ákveðnum verkefnum. Uppsagnarfrestur er ein vika á fyrstu þremur mánuðum vinnusambands skv. kjarasamningum VR. Eftir 3ja mánaða starf er fresturinn einn mánuður og eftir 6 mánaða starf er hann 3 mánuðir og er hvorttveggja bundið er við mánaðamót.

Uppsögn á að vera skrifleg, en skv. dómaframkvæmd er munnleg uppsögn þó jafngild skriflegri sé hún á annað borð sannanleg. Þarf þá sá aðili sem heldur uppsögn á ráðningarsamningi fram, að geta sýnt fram á það með sannanlegum hætti, en það getur stundum vafist fyrir mönnum. Mælt er því með að uppsagnir séu ávallt skriflegar og að hinn aðili vinnusambandsins sé látinn kvitta fyrir móttöku uppsagnarbréfsins, svo uppsögn fari ekki milli mála.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur réttur, sem þýðir að báðir aðilar vinnusambands þurfa að tilkynna hinum

aðilanum með sama fresti og með sömu formskilyrðum. Skv. íslenskum vinnurétti þurfa aðilar ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við kjarasamningsákvæði eða lagaákvæði um tiltekna hópa sbr. trúnaðarmenn, barnshafandi konur, foreldra í fæðingarorlofi o.fl. Að þessu leyti er því mikill sveigjanleiki hér á landi varðandi uppsagnir, hvort sem vinnuveitandi eða launþegi á í hlut. Megin kvöðin á aðila vinnusambands er því einungis að uppsögn sé tilkynnt með formlega réttum hætti.

Uppsögn er því tilkynning frá öðrum aðila vinnusambands til hins um slit á vinnusambandinu, en með eðlilegum fresti. Standi aðilar ekki við þann frest, sem kjarasamningar kveða á um, þá getur skapast bótaskylda.

## Uppsögn og fyrirvaralaus uppsögn – ekki það sama

Gera verður skýran greinarmun á því tvennu, þegar launþega er sagt upp störfum með kjarasamningsbundnum eða lögbundnum uppsagnarfresti annarsvegar og hinsvegar þegar launþega er sagt upp fyrirvaralaust. Þetta atriði vefst stundum fyrir fólki og er því rétt að geta þess sérstaklega.

Algengasta formið á uppsögnum er að launþegum sé sagt upp störfum með kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti og þeir látnir vinna sinn uppsagnarfrest. Launþeginn







hefur alltaf þá skyldu að vinna uppsagnarfrestinn, nema samkomulag náist um annað. Vinnuveitandi hefur alltaf þá skyldu að leyfa launþega að gegna sínu starfi á uppsagnarfresti og getur ekki breytt ráðningarsambandi aðila á uppsagnarfresti. Með öðrum orðum, allt á að vera með sambærilegum hætti á uppsagnarfresti og það var áður en til uppsagnar kom.

Uppsagnarfrestur getur hinsvegar oft reynst báðum aðilum erfiður, svo talsvert er um það að gerðir séu samningar milli aðila um starfslok, en slíkir samningar eru eins misjafnir og þeir eru margir.

Næst algengasta formið á uppsögnum, sem verður æ algengari á íslenskum vinnumarkaði, er að launþegum er sagt upp störfum með kjarasamningsbundnum uppsagnarfresti en ekki óskað eftir vinnuframlagi þeirra meðan á uppsagnarfresti stendur. Þetta er vinnuveitanda heimilt, ef hann uppfyllir ákvæði kjarasamnings um að greiða launþeganum laun til þess tíma sem uppsagnarfrestur rennur út þannig að launþeginn verði ekki fyrir kjaraskerðingu á hefðbundnum uppsagnarfresti. Þetta er hefðbundin uppsögn utan þess að ekki er krafist vinnuframlags af hálfu launþegans. Í ofangreindum tilfellum er um hefðbundnar uppsagnir að ræða, sem standast í báðum tilfellum lög og reglur kjarasamninga. Fyrirvaralausar uppsagnir eru hinsvegar það fyrirbæri þegar launþegum er sagt upp störfum vegna brota í starfi og kjarasamningsbundinn uppsagnarfrestur er ekki greiddur af þeim sökum. Launþegar missa þá rétt sinn til greiðslu í uppsagnarfresti vegna vítaverða brota í starfi. Til þess að slíkar uppsagnir séu réttlætanager af vinnuveitanda hálfu, þá verður brot launþegans að vera mjög alvarlegt, t.d. þjófnaður. Krafan um að vinnuveitandi geti sýnt fram á og sannað hið alvarlega brot í vinnusambandi aðila, sem leiðir til fyrirvaralausrar uppsagnar, er mjög rík.

### **Vanefndir á ráðningarsamningi**

Bæði launþegi og vinnuveitandi eru bundnir af ráðningar- og kjarasamningi. Sé þeim ekki fylgt, verða til vanefndir milli þessara aðila. Vanefndir þessar geta verið misjafnlega alvarlegar og þarf að taka tillit til þess.

Ekki skiptir hér máli, hvort það er vinnuveitandi eða launþegi sem talinn er brotlegur. Sá aðili sem telur að á sér sé brotið í vinnusambandinu, þarf að aðvara gagnaðila vegna brotsins með skriflegum eða sannanlegum hætti. Gefa skal hinum brotlega kost á að bæta úr vanefndinni innan eðlilegs frests og tilkynna jafnframt að ef ekki verða gerðar úrbætur á fyrrgreindum fresti, þá muni vinnusambandi aðila verða rift fyrirvarlaust vegna þessara brota.

Það þarf því að fara af stað aðvörunarferli, sem hægt er að sýna fram á með sannanlegum hætti, áður en vinnusambandinu er rift fyrirvarlaust. Dómstólar hafa á undanförunum árum, lagt nokkuð skýra línu hvað þetta aðvörunarferli varðar.

Niðurstaðan er því sú að þrátt fyrir að aðilar telji á sér brotið með einhverjum hætti, þá geta aðilar ekki rift vinnusambandinu, án undangenginna aðvarana. Við viljum því hvetja félagsmenn að leita til félagsins og fá ráðgjöf, áður en þeir ganga til þeirra róttæku aðgerða að yfirgefa vinnustað vegna þess að þeir telja á sér brotið í vinnusambandinu, svo hægt sé að fara yfir réttarstöðu þeirra í hverju máli fyrir sig.



FRÆDSLÁ

# Trúnaðarmannanámskeið 2008

## **Verkefni og staða trúnaðarmanna**

*Gunnar Páll Pálsson formaður VR, Elías G. Magnússon og Elísabet Magnúsdóttir.*

16. september, 21. október, 18. nóvember, kl. 8:30-10:30.

Námskeið fyrir nýja trúnaðarmenn þar sem farið er yfir það helsta sem skiptir máli í trúnaðarmannastarfinu.

## **Kjaramál**

*Starfsmenn kjarasviðs VR*

23. september, kl. 8:30-12:00

Farið yfir helstu atriði kjarasamninga eins og launaútreikning, veikindarétt, uppsagnarfrest, orlof og fleira.

## Framsækni - Að tjá sig af öryggi

Sigríður Arnardóttir

14. október kl. 8:30-12:30

Tilvalið fyrir alla þá sem starf síns vegna þurfa að halda kynningar, koma fram fyrir hópa eða tjá sig á fundum.

Fjallað verður um: Hvers vegna örugg tjáning skiptir máli. Hvernig maður tekst á við sviðsskrekki. Undirbúningur ræðu/kynningar. Hvað einkennir góða og örugga tjáningu. Að takast á við neikvæða strauma/áheyrndur. Persónulegur still og sjálfsöryggi.

Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, verkefnum, endurgjöf og hagnýtum ráðum. Verkefni og æfingar eru við allra hæfi, jafnt vana ræðumenn sem byrjendur.

## Erfiðu mál trúnaðarmannsins

Eyþór Eðvarðsson og Elías G. Magnússon

4. nóvember kl 8:30-12:30

Algengt er að leitað sé til trúnaðarmanna um hin ýmsu mál sem upp koma á vinnustöðum. Sum hver eru léttvæg og fylgja amstri hversdagsleikans en önnur mál eru þung og viðkvæm.

Í þessari vinnustofu verður trúnaðarmönnum gefinn kostur á því að taka þátt í umræðum um hvernig gagnlegt er að koma að sumum þeim málum sem upp kunna að koma. Þátttakendur geta komið með mál sem þeir eru að glíma við og rætt um þau við aðra trúnaðarmenn og sérfræðinga. Ekki er þörf á að vera með sérstök mál til að taka þátt í vinnustofunni. Dæmi um atriði sem eru rædd eru eineltismál, samskiptaerfiðleikar, vantraust, kynferðisleg áreitni og ágreiningur samstarfsmanna.

Vinnustofan er opin öllum trúnaðarmönnum sem vilja dýpka eigin þekkingu og færni í að takast á við trúnaðarmannahlutverkið af enn meiri festu og öryggi en áður.

Meðal þess sem tekið er fyrir á námskeiðinu:

- Hlutverk trúnaðarmannsins
- Ráðgjafarhlutverkið
- Að vera faglegur og þekkja sín eigin mörk
- Siðferði og traust í trúnaðarmannahlutverkinu

## Sjóðir og þjónusta VR

Starfsmenn þjónustusviðs VR og Lífeyrisjóðs verzlunarmanna.

11. nóvember, kl. 8:30-12:00

Þjónusta VR er víðtæk og á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og Varasjóð VR, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð, Starfsmenntasjóð verzlunarmanna, atvinnuleysisbætur og Lífeyrisjóð verzlunarmanna.

FRÆDSLÁ

# Nýttu réttindin

Styrkir vegna starfsmenntunar og tómsunda

Félagsmenn VR geta sótt um starfsmenntastyrki til Starfsmenntasjóðs verzlunar- og skrifstofufólks (SA) eða Starfsmenntasjóðs verzlunarinnar (FÍS).

Styrkir nema allt að helmingi námskeiðsgjalda. Styrkur til félagsmanns getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en stigaeign hans kveður á um og reglan er sú að eitt stig sem nú er að jafnvirði kr. 1.000 er gefið fyrir hvern mánuð sem greitt er iðgjald í sjóðinn, miðað við mánaðarlaun á bilinu kr. 75.000-180.000 kr. Sjóðurinn er tekjutengdur.

Undantekning frá meginreglu sjóðsins er að veittur er 75% styrkur vegna náms, sem kennt er skv. námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem metið er til styttingar á námi í framhaldsskóla. Þeir félagsmenn, sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli, geta fengið styrk allt að 75% af kostnaði vegna íslenskunáms.

## Skilyrði fyrir styrk

Umsækjandi um styrk þarf að hafa greitt til félagsins a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Skila þarf inn staðfestingu frá skóla á greiðslu eða greiðsluseðli ásamt greiðslukvittun á nafni félagsmanns og fylla út umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins eða á skrifstofunni. Gögn og umsóknir um styrki þurfa að berast innan 12 mánaða frá útgáfu reiknings. Styrkir eru greiddir út vikulega og umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi á miðvikudegi til þess að ná greiðslu á föstudegi.

## Veittir styrkir

Fyrir utan starfsmenntastyrki eru einnig veittir tómsundastyrkir og ferðastyrkir vegna námsferða. Athugið, hjá Starfsmenntasjóði verzlunarinnar, FÍS, er ekki þak á tómsundastyrkjum eins og hjá Starfsmenntasjóði verzlunar- og skrifstofufólks, SA, en þar er hámark kr. 30 þúsund í tómsundastyrk á ári. Nánari upplýsingar eru hjá þjónustuveri VR í síma 510 1700. Hægt er að nálgast samþykktir og starfsreglur Starfsmenntasjóðanna sem og umsóknareyðublað um styrk á heimasíðu VR, [www.vr.is](http://www.vr.is) eða á [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is). Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [styrkir@vr.is](mailto:styrkir@vr.is)



ORLOFSMÁL

# Orlofshús í vetur

Vetrarleiga orlofshúsa

Margir eiga minningar um hressandi gönguferðir í fallegu umhverfi og slökun á eftir í heitum potti meðan lærið kraumar í ofninum eða kynt er upp í grillinu. Hvernig væri að endurupplifa svona minningar, bregða undir sig betri fætinum og leigja orlofshús hjá VR.

Flestir vilja fara yfir helgi en þá eru húsin leigð frá föstudegi og fram á sunnudagskvöld. Þó er einnig hægt að leigja þau á virkum dögum, í lágmark 2 daga í senn, eða jafnvel heila viku. Reglan „fyrstur pantar fyrstur fær“ gildir nú allan ársins hring og hægt að bóka 36 vikur fram í tímann.

Til að fá hús er annaðhvort hægt að bóka beint á netinu [www.vr.is](http://www.vr.is) og ganga þá frá greiðslu með greiðslukorti eða hringja í þjónustuver VR í síma 510 1700. Einungis fullgildir félagsmenn VR sem verða 21 árs á árinu geta bókað hús.

Athugið að húsin í Ölfusborgum (Kristján í síma 483 4260) og á Einarstöðum (Guðni og Gyða í síma 471 1734 og gsm 861 8310) eru leigð út af rekstrarfélögum viðkomandi staða, Ölfusborgir frá 15. september og Einarstaðir frá 1. október.

## Hús/íbúðir í boði í vetur:

Verð yfir helgi kr.	
Flúðir	15.500
Miðhúsaskógur	15.500
Minni-Borg, Grímsnesi	21.400
Húsafell	15.500
Stykkishólmur, raðhús	15.500
Akureyri	12.000

## Leigt á vegum rekstraraðila:

Ölfusborgir  
Einarstaðir

**Þar sem bókað er 36 vikur fram í tímann er páskatímabilið dottið inn.**

# Hádegisfyrirlestrar haustið 2008

Fyrirlestrararnir eru öllum félagsmönnum opnir og ókeypis. Þeir verða haldnir kl. 12-13 í húsnæði VR í Húsi verslunarinnar á 0. hæð og eru léttar veitingar í boði

## Ef mér finnst það fyndið... Fyrirlestur um húnor

*Fyrirlesari: Jón Gnarr.*

**Október kl. 12:00-13:00**

Lífið væri lítils virði ef lífið væri án brosa og hláturs. Húnor er merkilegt fyrirbæri því að það að segja góðan brandara, virðist vera nokkuð flókið félagslegt og sálfræðilegt fyrirbæri. Húnor getur verið margskonar; kaldhæðni, meinfyndni og grófir ljósku-, homma-, Hafnarfjarðar- og lögfræðingabrandarar o.fl. Húnor er einnig valdataeki og virkar vel t.d. til eineltis og skrumskælinga á vinnustöðum. Svo er það einnig svo að það sem einum finnst fyndið finnst öðrum ekkert sniðugt. Skemmst er að minnast teikninganna í Jyllandsposten af Múhameð spámanni.

Jón Gnarr hefur marga fjöruna sopið sem einn þekktasti grínisti þjóðarinnar. Hér veltir hann vöngum og segir frá myndni á sinn hátt í gríni og alvöru.

## Örlogadagurinn: Að laða til sín það góða

*Fyrirlesari: Sigríður Arnardóttir*

**30. október kl. 12:00-13:00**

Uppbyggileg, glaðleg og hlý samverustund. Léttur og einlægur fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í „nesti“ – „tæki og tól“ til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplitsdjárfir og laða að sér hamingjudaga. Hvað skiptir mestu máli í lífinu og hverju getum við stjórnað? Heyrum við og finnum hlutverk okkar í erli dagsins? Hvernig löðum við að okkur góða strauma og hamingju? Neikvæða tímabilið. Að þekkja óskir sínar og senda þær áfram Að skapa jarðveg velgengni

## Ertu veisluhæfur?

*Fyrirlesari: Bergþór Pálsson*

**13. nóvember kl. 12:00-13:00**

Bergþór Pálsson fer í eitt og annað sem gestur og gestgjafi þurfa að hafa í huga þegar veislur eru annars vegar. Hvað er kotteiklæðnaður?

Hvernig eru eftirréttahnífapör lögð á borð? Á ég að lyfta glasi ef skálað er fyrir mér? Hvernig er hjónum skipað til sætis? Hvað má líða langur tími þar til veitingar eru bornar fram? Hvern á að kynna fyrst? Hvað á að gera við servíettuna ef maður þarf að bregða sér frá? Þessum og mörgum fleiri spurningum er svarað í þessum skemmtilega fyrirlestri. Jafnframt er lögð áhersla á að hlýlegt og létt viðmót skipti meira máli en reglur eða siðvenjur. Bergþór gefur góð ráð um val á gestum, boðskort, borðbúnað, móttöku gestanna og hvernig best sé að skipa þeim til sætis, samræðulist og tækifærisræður, líkamsstöðu og klæðnað, borðsiði og skálaræður og ótalmargt fleira sem gerir góða veislu ógleymanlega.

## Breyttu streitu í orku og velgengni

*Fyrirlesari Guðni Gunnarsson, Upphafsmáður Robe Yoga*

**4. desember kl. 12:00-13:00**

Á tímum uppsagna, krepputals og annarra streituvalda er mikilvægt að halda ró sinni og vera ánægður. Á þessu slökunar- og orkunámskeiði kennir Guðni Gunnarsson þátttakendum aðferðir til að virkja sínar andlegu uppsprettur svo þeir verði móttækilegri fyrir því að lifa í „núinu“ og skapa það líf sem þeir velja hverju sinni. Þátttakendur læra að stjórna hugsunum sínum með það að markmiði að losna undan streitu og þreytu og öðlast þess í stað kraft til velgengni.

**Félagsmenn á Akranesi, Austurlandi og í Eyjum athugið: Í vetur verður hægt að mæta á skrifstofuna á staðnum og fylgjast með í gegnum fjarfundabúnað.**

*Skráning er í þjónustuveri VR í síma 510 1700 og á Mínum síðum á [www.vr.is](http://www.vr.is)*

Á RÖLTINU

# Félagsmenn VR

VR blaðið leit við í Smáratorgi einn bjartan dag í byrjun september, heimsótti nokkra félagsmenn á vinnustað og spurði þá spjörunum úr



## Linda Gunnarsdóttir

Starfsmaður Pier á Smáratorgi

**Stjörnumerki?** Hrútur

**Hvað stendur upp úr eftir sumarið?** Spánarferð til Costa del Sol

**Uppskrift að notarlegu haustkvöldi?** Upp í sófa með heitt kakó, teppi og góða bók

**Hvað á að gera í vetrarfríinu?** Vinna – peninga, peninga, peninga . . .

**Hvað sástu síðast í bíó?** Batman The Dark Knight – Jókerinn er hrein snild

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Kenny vs Spenny – kanadískir þættir



## Lovísa Sigrún

Starfsmaður Lyfju á Smáratorgi

**Stjörnumerki?** Meyja

**Hvað stendur upp úr eftir sumarið?** Gott golf sumar

**Uppskrift að notarlegu haustkvöldi?** Ískaldur bjór og pizza upp í sófa eftir góðan golfhring.

**Hvað á að gera í vetrarfríinu?** Það verður örugglega komið vor þegar ég fer í vetrarfrí þannig að ég fer í golf!

**Hvað sástu síðast í bíó?** Mamma mía í þriðja sinn

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** So you think you can dance



## Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Starfsmaður Heilsuhúsins á Smáratorgi

Stjörnumerki? Meyja

**Hvað stendur upp úr eftir sumarið?** Gott veður og skemmtilegur tími með fjölskyldunni

**Uppskrift að notarlegu haustkvöldi?** Yogi te og góð bók í sófanum

**Hvað á að gera í vetrarfríinu?** Ekkert eins og er

**Hvað sástu síðast í bíó?** Batman The Last Knight

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Fræðslu- og gamanþættir



## Albert Símonarson

Starfsmaður Toys´r´us á Smáratorgi

Stjörnumerki? Ljón

**Hvað stendur upp úr eftir sumarið?** Gott veður og skemmtileg ferð til Akureyrar

**Uppskrift að notarlegu haustkvöldi?** Góð mynd, snakk og gos

**Hvað á að gera í vetrarfríinu?** Vinna

**Hvað sástu síðast í bíó?** Batman The Dark Knight

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Góðir spennuþættir klikka aldrei



## Gómsætir réttir frá Kalla kokki

Carl J. Johansen er mörgum að góðu kunnur fyrir snilldartakta þegar útbúa skal veislu. Hann hefur matreitt fyrir marga helstu ráðamenn heimsins allt frá forseta Íslands til forseta Kína. Hann rekur veitingasalinn Veislusetrið í húsi Rúgbrauðsgerðarinnar og samhliða því mötuneytisþjónustu, auk þess að sjá um veislur í heimahúsum fyrir mann og annan. VR blaðið fór á stúfana og fékk hann og son hans Ámunda til að gefa lesendum tvær gómsætar uppskriftir í notalegri hauststemningunni.



## Humar með lakkrísósu

fyrir 5

15 stórir ferskir og flottir humarhalar  
1 grænt epli, fínskorið  
300g af smáspinati (baby spinach)

Humarhalarnir eru teknir úr skelinni, en endinn á sporðinum er skilinn eftir. Halarnir eru hreinsaðir vel og kryddaðir með hvítlaukssmjöri. Grillað í ofni á mesta mögulega hita í u.þ.b. 4 mínútur.

Hvítlaukssmjör  
150g smjör  
2 hvítlauksgeirar  
0,5 dl ólífúolía  
Salt, pipar og sítrónusafi eftir smekk

Eplin og skallotlaukur er saxað smátt og svíssað á pönnu í 3 msk smjöri, spínati bætt við og velt uppúr í ca 1 mín, kryddað með salt og pipar.

### Lakkrísósan

2 Appaló lakkrísör  
1 meðalstór skallot laukur  
2 dl balsamic edik  
1 matskeið hunang  
1 tsk smjör  
3 dl kálfasoð

Skallot laukurinn er saxaður mjög smátt og steiktur uppúr smjöri í potti þangað til að hann mýkist og tekur á sig brúnan lit. Lakkrísörin eru skorin í bita og sett úti, balsamic ediki er bætt við. Lakkrísinn er látinn bráðna í edikinu og saltað og piprað eftir smekk. Eftir að lakkrísinn er bráðinn er hunanginu bætt við. Svo er soðið sett saman við, soðið niður og sigtað.

## Mole el Carlo

fyrir 5

Mole sósan er með súkkulaði og chilli og verður því mjög bragðmikil með reykarkeimi. Hægt er að stjórna styrknum með því að fjarlægja kjarna og steina úr jalapenos og chilli.

5 vænar og skinnlausar kjúklingabringur  
50g hveiti, blandað með salti og pipari

50g smjör  
1 hvítvínsglas (má sleppa)  
3 stk lárviðarlauf  
1 msk kjúklingakraftur

### Sósa

1 laukur fínsaxaður  
3 hvítlauksrif fínsaxuð  
30g rúsínur  
70g möndlur, muldar  
2 stk niðursoðnir tómatar  
2 msk sesamfræ, ristuð  
6 stk tortillu snakk (nachos), mulið  
½ tsk anísfræ  
½ tsk kanill  
½ tsk negull  
½ tsk koriander mulinn  
1 stk rauður chilli, saxaður  
1 stk Jalapeno chilli, saxaður  
30g dökktt súkkulaði

Bringurnar eru skornar eftir endilöngu í 4 bita. Bitunum er síðan velt uppúr hveitikryddblöndunni. Bræðið helminginn af smjörunu í stórru pönnu og brúnið kjúklinginn. Bætið síðan við 3 bollum af vatni, hvítvíninu og lárviðarlaufunum. Látið malla við lágan hita í 20 mínútur, eða þangað til að kjúklingurinn er eldaður. Takið bitana uppúr soðinu og setjið til hliðar.

Á meðan, er sósan búin til. Bræðið restina af smjörunu í potti. Látið lauk og hvítlauk úti og látið krauma þangað til að laukurinn er meyr. Síðan er öllu nema súkkulaðinu bætt í pottinn og látið krauma í 10 mín. Allt sett í blandarann og múlað með soðinu af kjúklingnum. Gott er að bæta vökvanum úti í smá skömmtum. Sósan á að vera þykkari kantinum. Blandan er sett aftur úti pottinn á vægum hita og súkkulaðinu er hrært varlega saman við.

Borið fram með hrísgrjónum, sýrðum rjóma, lime bátum og fersku koriander.

## Mascarpone-skyr toppur

fyrir 5

250g skyr  
150g mascarpone rjómaostur  
50g flórsykur  
2 dl rjómi, þeyttur  
1 dl Baileys líkjör  
4 blöð matarlím




Skyr, ostur og flórsykur er hrært vel saman. Þeytta rjómanum bætt við. Matarlíms blöðin eru látin liggja í köldu vatni í 4 mín, Baileys líkjörinn hitaður. Síðan eru matarlímsblöðin sett úti heitan líkjörinn og hrært vel saman, svo ekki myndist kekkir. Líkjörblöndinni er svo hrært varlega saman við ostinn. Ostahræran er svo sett í heppileg ílát, eða glös og látin kólna í kæli í u.þ.b. 2 tíma.

### Berjasósa

400g blanda af berjum  
4 msk flórsykur  
2 msk Grand Marnier eða appelsínusafi  
1 msk sítrónusafi

Berjunum velt uppúr hráefninu og látið standa í u.þ.b. 1 klst í stofuhita.

# Krossgátan



BRANKI	MATT LAUS	STAD FESTU LITILL	KEYRA	BRANKI MELIR	SELUVA RAN VERDI	VEYDAR MERKI	BAFAT REKIR BAREF LI	BAUNDR MEIDIR
FJAND AR	12				59	28		
ONGLAR NOK UMFRAN		54					SAMID SK ST	31
EINS OG AULI			6		48	29	NELDAR SMJOR LIKI	53
MATT AN AULA	33	58	SIDI YALID SKIPTI		9			23
AFORM REID			46				DIRN GANG FL	61
		56		STORM LITINN TITILL TANGI				
		1	41		GED BILUD NAWDI	32		
SKJAF AN BORDA			KEISARI ADALIS KONAN		8		HAPP DI BRASK ARINN	
GAJNIB TUSKAN BLEND	60	45	OFRES NJA SVAH ASKAR			51		44
	50		42	KJANA SIGA PASVAR		24	SAMSI GLEDI VIRDIR	38
	30	FUGLS MAGI HLASS ID		15		T/E P NR		13
FELAG BROS BOLLAR							37	25
AFIYRA NOGUR DIANDUD	34							
			10	FEDI DUF	20	YIDA AN TR		
			LITIN JETVAR LAHAN AEDI	27			11	52
LANAD FRA TEANAR		LAGEÐ STORUM DRRUM	4		KOM ? YERIK FISSAR			
	59				ADJAN ALDA	35		
OR SVIT NAKTA BOLI				22		3	AFRIMI GUBBI	17
	49						MATUR INN SAMST.	
TOM VESSEL IR			STJAD UR GANI	7		55		
	14			AURA SYKI		36		26



## Verðlauna- krossgáta kr. 12.000

Lausnin á síðustu krossgátu er málshátturinn „Ærin eru óhöpp þó eitt hjá líði.“

Vinningshafi maikrossgátunnar er **Aðalheiður Bergsteinsdóttir**. Hún er komin á eftirlaun en starfaði áður í Kron á Skólavörðustíg, í Domus Medica og loks við aðhlyningu. Þetta er í annað sinn sem hún hlýtur vinninginn en með áratuga millibili. Við óskum henni hjartanlega til hamingju með 12.000 krónurnar.

Vísbendingin að lausn gátunnar er sú að í reitunum 1 til 61 er að finna öfugmælavísu. Síðasti móttökudagur lausna er **8. október 2008**. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifíð „krossgáta“ utan á umslagíð.

Utánaskriftin er: VR-blaðið, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á vr@vr.is

Esther Talía Casey

# Skyggnst í hugarheim leikkonu



## Hugmynd þín um fullkomna hamingju?

Fyrir utan hamingjuna sem dóttir mín veitir mér þá er ég sóldýrkandi og þegar sólin skín er mjög auðvelt að gera minnstu hluti að fullkominni hamingju.

## Hvað freistingar áttu erfðast með að standast?

Leti, föt, skór, og helvítis súkkulaðið...

## Hvaða manneskju dáist þú mest að?

Önnu Kolfinnu systur minni sem var að klára klassískan ballett í Köben og er farin til Ísrael í nútímadans... Þvílíkur styrkur sem þessar stelpur þurfa að hafa.

## Hvaða eiginleika meturðu mest hjá fólki?

Polinmæði, húmor (hláturinn lengir lífið, það er ég handviss um), vilji, dirfska og "no bullshit" fólk.

## Hvað er besta ráð sem þér hefur verið gefið?

Þú verður betri mamma ef þú manst að taka tíma frá fyrir sjálfa þig.

## Ef þú gætir valið þér hæfileika hvað myndir þú velja?

Mikið held ég að það sé gaman að geta teiknað... ég lýg því ekki að dóttir mín tæplega tveggja ára á ekki langt í það að fara framúr mér hvað þann hæfileika varðar.

## Hvað er dýrmætasta eign þín?

Ég átti dýrmætan og hjartfólgin ættargrip sem ég týndi fyrir tveimur árum. Ég fæ enn martraðir útaf því. En það má ekki ERGJA sig útaf veraldlegum hlutum... æ þið vitið, heilsan ástin, fjölskyldan og það alltsaman...

## Hverjir eru uppáhalds rithöfundar þínir?

Er voða lítil "uppáhalds" kona... það er of margt skemmtilegt til í heiminum. Ég les mest íslenskar nútíma skáldsögur, Hallgrím Helga, Kristínu Marju, Auði Ólafs...

## Ef þú gætir breytt einhverju einu atriði hjá sjálfri þér, hverju myndirðu breyta?

Ég myndi stroka út leti, sérhlífni og óframfærni.

## Hvað kemur þér til að hlæja?

Mjög margt... enda hlátur stíft notður sem yngingarmeðal, en ætli helstu hláturgjafarnir séu ekki maðurinn minn, dóttir mín, Bjóssi bekkjarbróðir og þessa dagana dönsku þættirnir Klovn.

## Hvað grætir þig?

Líka mjög margt og sérstaklega eftir að ég eignaðist barn... en það klikkar ekki að ég fæ alltaf tár og kökk í hálsinn í framkalli í leikhúsi hvort sem ég er uppá sviði eða úti sal...soldið lummo.



FILM/STIA

## Hvar stendur þú í launastiganum?

Ný launakönnun VR er komin út. Kynntu þér niðurstöður hennar á [www.vr.is](http://www.vr.is) og berðu mánaðarlaun þín saman við kjör annarra félagsmanna.